

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Skýrsla Svæðisstjóra Óðinssvæðis Á Svæðisráðstefnu haldin á Akureyri 1 Nóvember 2014

Ágætu ráðstefnugestir

Ég vil í stuttu máli greina frá viðburðum í starfi svæðisstjóra það sem af er árinu. Starfið í raun hófst með svæðisstjórafræðslu í Kiwanissalnum á Bíldshöfða í mars s.l. og var tekinn lunginn úr laugardegi í að fræða verðandi svæðisstjóra um starfið.

Síðan kom að Umdæmisþingi og var sjálf innsetning síðan gerð á sunnudagsmorgni að því afloknu.

Það má segja að eftir að sú ákvörðun var tekin að takast á við svæðisstjóra stafið var þetta kitlandi tilhlökkun og kanski í raun fjarlægður draumur sem síðan skall á í formi raunveruleikans á þinginu og þennan sunnudagsmorgun. En úr tilhlökkun er var í upphafi stendur enn yfir og frá þingi hefur þetta verið afskaplega ánægjulegt og mjög gaman að finna áhuga og meðvirkni kiwanisfélaga í Óðinssvæði um starf hreifingarinnar og framtíðina.

Það er kraftur í þessu svæði og mátti fynna hann nánast allstaðar í yfirreiðin til stjórnarinnsetninga var farin.

Það var nokkuð strembin en skemmtileg vika. Fyrstur var Kiwanisklúbburinn Skjöldur Fjallabyggð og svo komu þeir hver af öðrum og á 10 dögum tóks að setja inn stjórnir í öllum klúbbum svæðisins. Einni var ánægjulegt hversu vel félagar úr ýmsum klúbbum fylgdu mér í þessar ferðir þó sérstaklega hafi það verið úr mínum heimaklúbba.

Það er skemmtileg nýlunda að stefna saman þremur klúbbum á einn stað til stjórnarskipta og hefur sá verkáttur verið viðhafður í seinni tíð að þrjú austustu klúbbarnir Askja, Herðubreið og Skjálíandi halda sameiginlegan insetningarfund og er það bæði til að efla liðsandann og auka kynni og samstarf.

Nú í ár vorum við á Hótel Reykjahlíð,, Vel skipulagður fundur og vel mætt og þakkir ber að færa Herðubreiðarfélagum fyrir þá stund er við áttum þar.

Þessi aðferð væri vel gerleg víðar á svæðinu og eflaust til þess gerð að auka ynnra staf á meðal klúbba.

Grímseyjarferðin var mér sérstaklega ánægjuleg og þar var höfðinglega tekið á móti manni, það var heldur ekki amalegt að með einu orði þá var það sjálfsagt að áætlunarflugi til eyjarinnar var beytt á þann veg að flugvélin beið eftir mér á meðan fundað var.

Ég sagði áðan að ég finn fyrir krafti í svæðinu og svo hefur reyndar verið all lengi.

Óðinssvæði er eitt öflugasta svæðið í Umdæminu og þannig viljum við líka hafa það.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Fjáraflanir og styrkveitingar eru með þeim mestu í hreifingunni og liðsandinn öflugur og góður.

Það eru víðast hvar nýjrir félagar að ganga í hreifinguna og sumstaðar nú þegar orðin fjölgun. T.d. tóku Grímsfélagar inn 5 nýja féлага s.l. sunnudag og einn nýr var tekinn í hjá Öskju á fyrsta félagsfundi Guðjóns sem forseti. Í öðrum klúbbum er einnig von á fjölgun og það væri mikil ánægja fyrir mig og hreifinguna ef tækist markmið Umdæmisstjórnar og mitt einnig að hver klúbbur nái inn einum féлага fyrir áramót.

Það er von mín og vissa að með ykkur mér við hlið þá sýnum við á okkur öflugt starf og útbreiðum boðskap hreifingarinnar okkur til velvildar og hreifingunni til hagsældar.

Á stjórnarskiptafundum hjá ykkur talaði ég um að gera okkur meira sýnileg og var þeirri hugmynd kastað fram að gera eina ákveðna helgi í vetur að Kiwanishelgi og halda hana á Glerártorgi. Gera eitthvað öðruvísi og vekja á okkur athygli svo eftir væri tekið.

Hafði ég hugsað þetta kanski í tengslum við hjálmadag þeirra Akureyringa en á komandi vori eru 25 ár frá fyrstu afhendingu hjálma til grunnskólabarna á Íslandi og fór sú afhending fram á Akureyri.

Éf hef ámalgað við þá er stóðu á bak við afmælisýningu hreifingarinnar í Kringlunni í vor að fá sýninguna norður og hefur mjög vel verið tekið í það. Félagi okkar hér Óskar Guðjónsson var einna ötulasti maður í að koma þessari sýningu á koppinn og telur hann að það væri mjög vel gerlegt að setja þessa sýningu að hluta eða öllu leyti upp á Glerártorgi.

Þessa helgi mætti einmitt afhenda 1 bekkjar grunnskólabörnum hjálma á Torginu og vera með galsa og kæti og kynna okkur gestum Glerártorgs.

Þetta er hugmynd er við þurfum að ræða og ef vilji er fyrir hendi að hrynna í framkvæmd.

Félagar góðir það er ótæmandi sá brunnur hugmynda er upp koma til að efla okkur og klúbba okkar. Tökum höndum saman og vinnum samhent verk bæði innan klúbba okkar og einnig svæðinu til heilla og stöndum keik á Svæðisráðstefnu í vor og hreikjum okkur af góðu starfi í vetur.

Það er mér tamt í munni að mynna forseta og stjórnir klúbba svæðisins á að þau eru höfuð hvers klúbbs og stjórna því mikla og góða starfi er við ætlum að vinna og ef höfuðið er vel virkt má sega að

Eftir höfðinu starfa limirnir...

Með Kiwaniskveðju

Ólafur Jónsson Svæðisstjóri Óðinssvæðis 2014 -2015